

**AUGLÝSING****um umferð á Vesturlandsvegi.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga, nr. 26 2. maí 1958, hefur ráðuneytið ákveðið, að framúrakstur ökutækja verði bannaður á Vesturlandsvegi frá stað 100 metrum vestan við Kaupfélag Kjalnesinga að vegamótum við Álafossveg við Varmá.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. janúar 1966.*

F. h. r.

**Baldur Möller.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

12. janúar 1966.

Nr. 10.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ragnhildar og Ólafs Thorlacius, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. janúar 1966.

Skipulagsskráin er þannig:

**SKIPULAGSSKRÁ****fyrir Minningarsjóð Ragnhildar og Ólafs Thorlacius.****1. gr.**

Stofnfé sjóðsins, fimm þúsund krónur, er gjöf frá nokkrum mönnum í Berufjarðarlæknishéraði árið 1928 við brottför Ragnhildar og Ólafs Thorlacius, lækni-hjóna að Búlandsnesi, ásamt vöxtum og viðbótum frá öðrum.

**2. gr.**

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og skulu vextir og aðrar tekjur sjóðsins leggjast við höfuðstólinn, unz hann er orðinn tuttugu og fimm þúsund krónur. Eftir það má verja hálfum ársvöxtum sjóðsins til stuðnings málefnum, er skipulagsskrá þessi greinir, en helmingur vaxta og aðrar tekjur sjóðsins, svo sem gjafir, skulu leggjast við höfuðstól.

**3. gr.**

Tilgangur sjóðsins er að styrkja heilbrigðis- og menningarmál í Berufjarðarlæknishéraði (Geithellna-, Búlands-, Beruness- og Breiðdalshreppum) á þann hátt, sem stjórn sjóðsins telur réttast á hverjum tíma.

**4. gr.**

Stjórn sjóðsins skipa: héraðslæknirinn í Djúpavogshéraði formaður, sóknarpresturinn í Djúpavogsprestakalli og oddviti Búlandshrepps.

## 5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsreikninga Búlandshrepps, þeir eiga ekki sæti í stjórn sjóðsins, sbr. 4. gr., en ef svo er, þá kýs hreppsnefnd endurskoðendur sjóðsins. Reikningur sjóðsins skal birtur árlega í Stjórnartíðindum.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 25. ágúst 1965.

Birgir Thorlacius.

Erlingur Thorlacius.

Kristján Thorlacius.

**S A M Þ Y K K T****um afgreiðslutíma verzlana á Akureyri.**

## 1. gr.

Samþykkt þessi tekur til hvers konar smásöluverzlana á Akureyri, þ. á m. sölu-turna, brauð- og mjólkurbúða.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru: Lyfjabúðir, benzínsölur, að því er snertir sölu á benzíni, olíu, smurolíum og vörum til bifreiða, sjálfsalar, blaðasala á götum, blaðsöluvögnum og blaðsöluturnum, merkjasala og annað slíkt.

Ákvæði samþykktar þessarar ná ekki til þjónustufyrirtækja, s. s. bifreiða-afgreiðslna, að því er varðar bifreiðaafgreiðslu, rakarastofa, hárgreiðslustofa, ljósmyndastofa, viðgerðarverkstæða o. s. frv., að því er varðar þá starfsemi.

Um vinnutíma og önnur starfskjör afgreiðslufólks fer eftir kjarasamningum og venjum.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar bæjarstjórn Akureyrar ágreiningsefnið að fengnum tillögum lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra, og er úrskurður hans endanlegur.

## 2. gr.

Daglegur afgreiðslutími smásöluverzlana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, er svo sem hér segir, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykktinni:

Alla virka daga skal heimilt að opna sölustaði kl. 08.00.

Á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum, fimmtudögum og föstudögum, skal sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 18.00, enda beri þá daga ekki upp á helgi- og frídaga, sbr. 4. gr.

Á laugardögum skal heimilt að halda sölustöðum opnum til kl. 12.00 á hádegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa verzlarnir opnar til kl. 24.00 og síðasta laugardag fyrir jól til kl. 22.00 (eða annan dag skömmu fyrir jól).

Enn fremur er heimilt að hafa sölubúðir opnar fyrsta laugardag í desember til kl. 16.00, og annan laugardag til kl. 18.00.

## 3. gr.

Mjólkur- og brauðbúðir mega vera opnar kl. 08.00 til 18.00 virka daga, nema laugardaga, en þá skal þeim lokað eigi síðar en kl. 12.00.